

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing, er fellir úr gildi auglýsing frá stjórnarráði Íslands 5. september þ. á. um pest í Glasgow o. fl., undirrituð af ráðgjafanum fyrir Ísland 3. desbr. 1900 (A. nr. 26, bls. 120—121).

Auglýsing, er fellir úr gildi auglýsingu frá stjórnarráði Íslands 2. júlí 1900 um pest í Smyrna o. fl., undirrituð af ráðgjafanum fyrir Ísland 12. janúar 1901 (A. nr. 1, bls. 2—3).

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1901, undirskrifað af konungi 18. janúar 1901 (A. nr. 2, bls. 4—5.)

Auglýsing um pest í Smyrna o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 1. marz 1901 (A. nr. 3, bls. 6—7).

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lán- 14
tökuleyfi handa Hofsprestakalli í Vopnafirði. — Með brjefi yðar, 12. marz dagsettu 11. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, herra biskup, sent hingað erindi frá prestinum að Hofi í Vopnafirði, síra Sigurði P. Sivertsen, þar sem hann sækir um að mega taka 356 kr. embættislán upp á prestakallið til þess að leggja járnþak á staðarhús það, er formaður hans þar byggði árin 18⁹⁴/₉₅. Hafið þjer veitt erindi þessu meðmæli yðar og jafnframt lagt það til, að lánið yrði veitt úr landssjóði, ef fært væri.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjer með veiti hið umbedna lántökuleyfi þannig að lánið endurborgist með jöfnum afborgunum í lengsta lagi á 24 árum samfleytt frá lántökudegi, enda sjel lánið fengið með svo vægum vaxtakjörum sem unnt er. Jafnframt skal það tekið fram, að jeg eigi sje mjer fært að veita lán þetta úr viðlagasjóði.

Auglýsing

um

15

13. marz

breyting á erindisbrjefi handa gjaldkera og reikningshaldara holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi hefir í dag gjört eptirritaða breyting á erindisbrjefi handa gjaldkera og reikningshaldara holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsettu 10. septbr. 1898.

Úr 8. gr. er burtu fellt:

Ákvæðið um að aðalýfirlit yfir efnahag spítalans skuli fylgja ársreikningnum (orðin: »og—d) aðalýfirlit yfir efnahag spítalans«).

Reykjavík, 13. marz 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

1. dag aprilmánaðar 1901.

Reykjavík — Isafoldarprentsmiðja.